

Eftir kröfu umboðsmanns uppboðspola, en gegn andmælum umboðsmanns uppboðsbeiðada, var uppboðinu frestað með úrskurði, uppkveðnum 18. apríl s.l. Var það m. a. byggt á því, að úrslita í Hæstarétti mætti vænta á næstunni og skuldajafnaðarkrafan næði fram að ganga, ef undirréttardómurinn yrði staðfestur. Er uppboðið kom fyrir 4. þ. m., óskaði uppboðspoli eftir fresti, þar til úrslit lægju fyrir í Hæstarétti. Uppboðsbeiðandi neitaði hins vegar frekari frestun á uppboðinu. Var atriðið síðan lagt undir úrskurð þann sama dag.

Eins og þegar er að vikið, er áðurgreint bæjarþingsmál enn fyrir Hæstarétti, en samkvæmt upplýsingum umboðsmanns gerðarþola, sem ekki hafa sætt andmælum, ættu úrslit málsins að vera skammt undan. Aðstæður eru því svipaðar og þegar úrskurðurinn frá 18. apríl s.l. var kveðinn upp. Þykir því rétt að veita enn um sinn frest á uppboðinu, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn þrjár vikur, eða til fimmtudagsins 27. júní n. k.

Ályktarorð:

Uppboðinu er frestað til fimmtudagsins 27. júní 1968.

Föstudaginn 27. september 1968.

Nr. 121/1968. **Ingibjörg Jóhanna Hermannsdóttir**
 gegn
Kristni Jónssyni og
Valtý Guðmundssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 13. júní 1968 hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð uppboðsdóms Suður-Múlasýslu, sem kveðinn var upp 29. maí s. á., en sóknaraðili fékk vitneskju um úrskurðinn hinn 13. júní s. á. Með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um, að uppboðshaldari, Valtýr Guð-

mundsson sýslumaður, viki sæti í uppboðsmáli sóknaraðilja og Kristins Jónssonar. Kæran barst Hæstarétti 3. júlí þ. á.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og uppboðshaldara gert að vikja sæti í framangreindu máli. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi Kristins Jónssonar.

Varnaraðili Kristinn krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt gögnum málsins veitti Valtýr Guðmundsson, þáverandi fulltrúi sýslumanns, varnaraðilja Kristni lögfræðilega aðstoð í máli, sem fjallaði um það ágreiningsefni, hvort taka bæri bú Kristins og sóknaraðilja til opinberra skipta samkvæmt lögum nr. 3/1878, en mál þetta var undanfari þessa uppboðsmáls, sem er þáttur í opinberum búskiptum þeirra. Að svo vöxnu máli þykir ekki rétt, að Valtýr Guðmundsson sýslumaður skipi sæti uppboðshaldara í uppboðsmálinu.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja Kristni að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn reglulegi uppboðshaldari, Valtýr Guðmundsson sýslumaður, vikur sæti í framangreindu uppboðsmáli.

Varnaraðili Kristinn Jónsson greiði sóknaraðilja, Ingibjörgu Jóhönnu Hermannsdóttur, kr. 3.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Suður-Múlasýslu 29. maí 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn hinn 29. maí, kl. 1100, var uppboðsréttur Suður-Múlasýslu settur í sýsluskrifstofunni á Eskifirði og haldinn af Valtý Guðmundssyni sýslumanni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Uppboðsmálið nr. 5/1968, opinbert uppboð á eignum félagsbús Kristins Jónssonar og Ingibjargar J. Hermannsdóttur, þar með talin fasteignin Viðivellir á Eskifirði.

.....

Er mál um skipti á félagsbúi þeirra hjóna var rekið fyrir skipta-

rétti embættisins, var ég undirritaður starfandi sem fulltrúi við embættið. Er því ekki að leyndu, að ég virkaði þá sem leiðbeinandi Kristins Jónssonar og reyndi samninga í málinu, m. a. við umboðsmann konunnar, herra Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmann. Samningar þessir tókust þó ekki. Vegna þessara afskipta minna af skiptamálinu taldi ég mér rétt að víkja sæti í því sem skiptaráðandi, er það var tekið fyrir í skiptarétti embættisins nú fyrir skemmstu. Það skal þó tekið fram, að þessi afskipti mín voru ekki verulegri en það, að ég hef enga peningagreiðslu þegið fyrir þau.

Hér er hins vegar um það að tefla, hvort mér sé rétt og skylt að víkja sæti í máli þessu sem hinn reglulegi uppboðshaldari í Suður-Múlasýslu. Mál þetta er þannig skylt skiptamálinu, að samkomulag hefur orðið með þeim hjónum að bjóða eignir búsins upp á opinberu uppboði til slita á fjárfélagi þeirra.

Hafa ber í huga í þessu sambandi, hversu uppboðsmál eru mjög frábrugðin flestum öðrum þáttum dómsmála, og telja verður, að aðstaða uppboðshaldara til að vera vilhallur eða óvilhallur sé allt önnur heldur en t. d. skiptaráðanda eða dómara í aukaréttar- eða bæjarþingsmálum.

Með hliðsjón af því, hve afskipti mín af umræddu skiptamáli verða að teljast hafa verið smávægileg, svo og því, hve uppboðsmál eru sérstaks eðlis, verður eigi talin ástæða til þess, að ég undirritaður víki sæti í máli þessu sem hinn reglulegi uppboðshaldari í Suður-Múlasýslu.

Ályktarorð:

Valtýr Guðmundsson sýslumaður víkur eigi sæti sem hinn reglulegi uppboðshaldari í máli þessu.
